Erindi til samningsaðila um sértækan kvóta á Bakkafirði

Vísað er til tölvupóst sem barst undirrituðum þann 21. ágúst 2026 þar sem vísað er til umræðu í Byggðaráði Langanesbyggðar um stöðu og fyrirkomulag sértæks byggðakvóta á Bakkafirði.

Ég lít svo á að í þessu erindi sé fyrst og fremst verið að beina spurningum til Byggðastofnunar sem hefur með úthlutun sértæks byggðakvóta að gera og annast eftirlit með og metur hvort við samningana sé staðið með fullnægjandi hætti.

Mér sýnist að um 14 byggðarlög á Íslandi njóti þess í dag að fá aðstoð með aflamarki frá Byggðastofnun.

Byggðastofnun gerir samninga við einstaka aðila í viðkomandi byggðarlögum og í tilfelli Bakkafjarðar er samningur í gildi við Bjargið ehf. og samstarfsaðila sem eru Hróðgeir hvíti ehf. og Brattanes ehf.

Núgildandi samningur var undirritaður í október 2024 og gildir frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2030 og fellur þá úr gildi án sérstakrar tilkynningar samningsaðila. Áður hafði verið í gildi samningur milli Byggðastofnunar og Bjargins ehf. og samstarfsaðila frá árinu 2020.

Þrátt fyrir að eftirlitsskylda sveitarfélaga eða einstakra hafnarnefnda sé ekki fyrir hendi í lögum ber að fagna því að viðkomandi aðilar hafi áhuga á að fylgjast með framkvæmd samninga og þá að sjálfsögðu með það í huga hvernig megi efla starfsemi samningsaðila á viðkomandi stöðum.

Markmið allra sveitarstjórna og undirnefnda í sveitarfélögum hljóta að vera að efla viðkomandi samfélög og leita allra leiða til að þau markmið náist.

Á 21. fundi Hafnarnefndar sem haldinn var 11.06.2026 var lagt fram bréf til sveitarfélaga vegna endurskoðunar á kvótakerfi - umsagnarbeiðni til sveitarfélaga.

Innviðaráðuneytið sendir bréfið 8.05.2026 til Langanesbyggðar og sveitarstjórn virðist hafa tekið þá ákvörðun að biðja um umsögn og úrvinnslu á vegum Hafnarnefndar.

Hafnarnefnd svarar skilmerkilega í nafni Langanesbyggðar og leggur fram ákveðna umsögn undir lið 06.02. *Atriði til umsagnar*.

Ég er í öllum meginatriðum sammála Hafnarnefnd í umfjöllun hennar og umsögn og tek heilshugar undir flest þau sjónarmið sem þar koma fram, en þó finnst mér örla í einstaka liðum á ákveðna gagnrýni á tilgang, tilvist og árangur vegna sértæks byggðakvóta sem úthlutað er til Bakkafjarðar.

Í lið 2. Reynsla af núverandi fyrirkomulagi kemur eftirfarandi fram:

„Reynslan af sértækum byggðakvóta er hinsvegar misjöfn. Á Raufarhöfn hefur úrræðið stuðlað að heilsársvinnslu í fiskvinnslu og þar með sterkari byggðafestu. Á Bakkafirði hefur starfsemin að stærstum hluta verið bundin við hluta ársins og því haft takmarkaðri áhrif á byggðafestu.

Við slíkan samanburð verður að hafa í huga að aðstæður og forsendur eru ekki þær sömu í öllum byggðarlögum. Að mati sveitarfélagsins sýnir reynslan engu að síður að við mat á árangri byggðakvóta þurfi að leggja sérstaka áherslu á hvort úrræðið skapi heilsársstörf og stuðli að varanlegri búsetu. Árstíðabundin störf geta haft jákvæð áhrif á atvinnulíf en skapa almennt ekki sömu áhrif og stöðug heilsársatvinna.

Langanesbyggð vill jafnframt vekja athygli á því að hlutfall þorsks í úthlutun byggðakvóta hefur farið lækkandi undanfarin ár, bæði í almennum og sértækum byggðakvóta. Að mati sveitarfélagsins dregur það úr gagnsemi kvótans fyrir útgerðir og fiskvinnslur“.

Ég tek undir það sem kemur fram í lið 2 að aðstæður og forsendur séu ekki þær sömu í öllum byggðarlögum. Á Raufarhöfn er samningur í gildi við GPG Seafood ehf. og hefur verið ásamt eldri samningum um langt árabíl um allt að 500 þorskígildis tonna en á Bakkafirði er í gildi samningur um allt að 300 þorskígildistonnum.

Á Bakkafirði voru eldri samningar í gildi um allt að 400 þíg tonnum en því miður var magnið skorið niður í 300 þíg tonn við endurnýjun samninga 2024.

Á Raufarhöfn er mun hærra framlag og langir samningar við kvótasterka útgerð en það er ekki tilfellið á Bakkafirði. Markmiðin eru skýr og þau sömu á báðum stöðum að stuðla að heilsársvinnu í fiskvinnslu, en tæpast hægt að fara fram á að það framlag sem nú er í gildi á Bakkafirði tryggi samfelld heilsárstörf án árstíðabundinna sveiflna.

Ég tek undir áhyggjur af lækkandi hlutfalli þorsks. Það er alveg ljóst að í tilfelli almenna byggðakvótans þar sem aðeins rétt rúmlega 25% af úthlutun er þorskur hefur það raungerst á nýliðnu kvótaári að útgerðir strandveiðibáta hafa ekki séð ástæðu til að uppfylla vinnsluskyldu til að innheimta vilyrði fyrir kvóta en telja hagsmunum sínum betur borgið með að landa aflanum á markað. Það hjálpar ekki við að halda uppi atvinnu í landi eins og markmið og tilgangur almenns byggðakvóta miðar að.

Kvótaárið 2024/2025 varð skerðing frá áætlaðri 300 þíg tonna úthlutun sértæks kvóta niður í 278.359 þorskígildi. Þar af þorskur 65,25 % eða 181.154 kg.

Kvótaárið 2025/2026 varð enn frekari skerðing niður í 273.179 þorskígildi. Þar af þorskur 62,19 % eða 169.878 kg

Í þessum kafla finnst mér annars vera talað niður til Bakkafjarðar og vanþökkuð sú aðstoð sem lögð er fram af hálfu Byggðastofnunar og þeirrar starfsemi sem samningsaðilar á staðnum eru að reyna að fremsta megni að halda uppi við erfiðar aðstæður.

Ég vil vekja athygli á því að allir starfsmenn Bjargsins eru með lögheimili á Bakkafirði og greiða sína skatta og skyldur til samfélagsins. Útsvar er einnig greitt af atvinnuleysisbótum.

Í lið 7. Sértækur byggðakvóti kemur eftirfarandi fram :

„Langanesbyggð telur að sértækur byggðakvóti geti áfram verið mikilvægt byggðaúrræði þar sem sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Meginreglan ætti að vera sú að sértækur byggðakvóti fylgi þeim fiskiskipum sem veiða aflann, hvort sem skipin eru í eigu viðkomandi vinnslu eða ekki .

Langanesbyggð telur jafnframt eðlilegt að skip sem njóta sértæks byggðakvóta leggi til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi verulega meira magn en sem nemur úthlutuðum kvóta.

Sveitarfélagið telur að miða ætti við að skip sem fá úthlutaðan sértækan byggðakvóta landi að lámarki tvöföldu því magni til vinnslu enda sé tilgangur úrræðisins ekki einungis að tryggja tiltekið magn afla heldur að skapa sem mestan samfélagslegan ávinning í formi atvinnu, vinnslu og byggðafestu.

Við mat á árangri samninga um sértækan byggðakvóta ætti meðal annars að horfa til þess hversu mikið viðbótarmagn af hráefni úrræðið skilar til vinnslu umfram úthlutað aflamargn. Reglugerð nr.643/2016 byggir á því að sértækur byggðakvóti stuðli að atvinnu, vinnslu og byggðafestu. Árangur fyrra samningstímabils ætti að hafa verulegt vægi við ákvörðun um endurnýjun eða framlengingu samninga.

Samningsaðilar ættu að skila árlegri opinberri stöðuskýrslu og sveitarfélög að eiga formlega aðkomu að mati árangri samninganna“

Ég er dálitið hugsi yfir þessum lið og finnst ég greina ákveðnar efasemdir um að aðstandendur samningsins um sértæka byggðakvótann séu að vinna af heilindum.

Getur verið að það örli enn á gremju ákveðinna hagsmunaaðila vegna þeirrar ákvörðunar Byggðastofnunar að velja Bjargið ehf. sem samningsaðila við endurnýjun samnings 2024 ? Það mætti mikilli andstöðu ákveðinna aðila á sínum tíma og aðstandendur Bjargsins ehf. og samstarfsaðilar máttu sitja undir brigslyrðum og standa í bréfaskriftum vegna þessa og vera á opinberum vettvangi sakaðir um skjalafals.

Árlega er skilað stöðuskýrslu til Byggðastofnunar og starfsmenn Byggðastofnunar koma á hverju ári í heimsókn til þess að fara yfir stöðuna.

Ég sé ekki ástæðu til að frekara eftirlit eða löggæsla þurfi að vera af hálfu sveitarfélaga og tel Byggðastofnun fullfæra um að sinna því hlutverki.

Frekara eftirlit þarfnast tíma og gjarnan peninga og þá kemur líka upp spurningin:

„Hver á að hafa eftirlit með eftirlitinu“.

Liður 12. Önnur sjónarmið:

Mjög góðar hugleiðingar og sjónarmið koma fram í fundargerðinni.

Afnám svæðaskiptingar aflaheimilda til strandveiða hefur gjörbreytt til hins verra stöðu smábátaútgerðar á Norðausturlandi og í framhaldi því fiskvinnslna eins og á Bakkafirði.

Markmið allra sem bera hagsmuni sinna samfélaga fyrir brjósti hljóta að vera að standa saman um að efla útgerð og fiskvinnslu ásamt eflingu annarra og fjölbreyttari atvinnutækifæra.

Þar stendur ekki á vilja aðstandenda Bjargsins ehf. Hróðgeirs hvíta ehf. og Brattaness ehf.

Mér sýnist við skoðun á gögnum á ágætri heimasíðu Langanesbyggðar að umrædd umsögn Hafnarnefndar sem lögð var fram og samþykkt á 21. fundi Hafnarnefndar frá 11.06.2026 hafi aldrei verið tekin til efnislegrar umræðu á vettvangi sveitarstjórnar en hún var lögð fram á 56. fundi Byggðaráðs þann 12.06.2026 og þar verið ákveðið að fela skrifstofustjóra að senda umsögnina í nafni Langanesbyggðar til Innviðaráðuneytisins.

Á 61. fundi Byggðaráðs, aukafundi haldinn 20.08.2026 kemur fram undir lið 7 að vegna fyrri umræðu í byggðaráði þá sé gerð tillaga að erindi til samningsaðila um sértækan byggðakvóta á Bakkafirði.

Það er það erindi sem ég hef í þessari samantekt minni vísað til og komið sjónarmiðum aðstandenda Bjargsins ehf. á framfæri.

Á 62. fundi byggðaráðs, aukafundi haldinn 11.09.2026 kemur fram að borist hafi svar frá Byggðastofnun. Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð þakkar Byggðastofnun fyrir svarið en frestar afgreiðslu málsins. Fundargerð þessa fundar er lögð fram á 64. fundi sveitarstjórnar þann 18.09.2026.

Þann 26. ágúst 2026 birtist eftirfarandi frétt á forsíðu Fiskifrétta undir fyrirsögninni :

Sértækur byggðakvóti fari í „dauðadæmda“ vinnslu

Ég tek hér upp punkta sem koma fram í umfjöllun Fiskifrétta og skáletra. Að því loknu geri ég grein fyrir mínum sjónarmiðum og þeim upplýsingum sem ég tel mikilvægt að komi fram.

„Engar tölulegar upplýsingar eru til hjá sveitarfélaginu varðandi reynslu af núverandi fyrirkomulagi sértæks byggðakvóta á Bakkafirði“ segir Byggðaráð Langanesbyggðar og kallar eftir svörum frá Byggðastofnun og kvótahöfum.

„Við teljum að ríkið sé á rangri vegferð með þennan sértæka byggðakvóta“ er haft eftir formanni byggðaráðs Langanesbyggðar.

Ráðið getur ekki að óbreyttu svarað erindi innviðaráðuneytisins um áhrif byggðakvóta í sveitarfélaginu.

Í fréttinni kemur fram að Byggðaráð Langanesbyggðar kalli eftir upplýsingum vegna sértæks byggðakvóta á Bakkafirði frá Byggðastofnun og kvótahöfum.

Byggðaráðið óskar því eftir að fá afrit af árlegu árangursmati sem gera á samkvæmt samningi. Einnig er meðal annars óskað eftir upplýsingum um fjölda einstaklinga með lögheimili á Bakkafirði í heilsársstarfi við fiskvinnslu á Bakkafirði.

Tímaskekkja sé að nota sértækan byggðakvóta til að byggja upp fiskvinnslu á afskekktum stöðum þar sem fiskvinnsla hafi löngu lagst af

„Rekstur lítillar fiskvinnslu sem er að vinna nokkur hundruð tonn á afskekktum stað þar sem er fáránlega hár flutningskostnaður og menn kannski ekki með góð viðskiptasambönd er einfaldlega dauðadæmdur,“ segir Sigurður.

Annað gildi um smábátaútgerð sem sé algjörlega samkeppnishæf þar sem aðgangur sé að fiskmarkaði. Einnig þurfi að skoða hverjir séu að vinna í fiskvinnslum. Það sé oft fólk sem sé flutt inn til nokkurra mánaða.

„Það er ekki til að auka byggðafestu á þessum stöðum. Við höfum ekki séð að það hafi orðið nein viðbót við íbúafjölda á Bakkafirði á heilsársgrundvelli út frá þessari vinnslu“ segir Sigurður.

„Það er ekkert verið að ráðast á þetta fyrirtæki en ef þessu væri deilt niður á tíu smábátaútgerðir þar sem væri skilyrði um að menn hefðu lögheimili og byggju á staðnum væri það með strandveiði og grásleppuveiðum alveg orðið afkoma fyrir eina fjölskyldu“.

Það verður að segja eins og er að á dauða mínum átti ég frekar von en að sjá ofangreindar yfirlýsingar frá formanni Byggðaráðs Langanesbyggðar.

Sérstaklega tel ég ástæðu til að gera athugasemd við þá framsetningu að sértækur byggðakvóti á Bakkafirði fari í **„dauðadæmda vinnslu“**. Þar er vísað til Bjargsins ehf., starfandi félags í fámennu byggðarlagi sem leggur sig fram um að halda uppi störfum fyrir íbúa byggðarlagsins og er stærsti vinnuveitandi á Bakkafirði.

Slík umfjöllun getur haft neikvæð áhrif á starfsemina og skapað óþarfa óvissu og óöryggi meðal starfsfólks og íbúa um framtíð félagsins og atvinnu á staðnum. Það er því mikilvægt að árétta að Bjargið ehf. hyggst starfa áfram á Bakkafirði, hefur fjárfest verulega í starfseminni og hefur skýr áform um frekari uppbyggingu og aukin umsvif.

Ég tel jafnframt rétt að benda á að þótt sveitarfélagið hafi kallað eftir tölulegum upplýsingum um rekstur og árangur núverandi fyrirkomulags hefur stjórnsýsla Langanesbyggðar sjálf aðgang að upplýsingum um hverjir greiða útsvar til sveitarfélagsins. Hún getur því sannreynt að allir starfsmenn Bjargsins ehf. eru búsettir á Bakkafirði og greiða útsvar til Langanesbyggðar. Sama gildir um eigendur Bjargsins ehf. og samstarfsaðila samningsins um sértækan byggðakvóta.

Ég held að það hljóti að vera algjörlega fordæmalaust af forsvarsmanni sveitarfélags að fara fram með slíkan málflutning og tala niður veittan stuðning af hálfu hins opinbera og dauðadæma starfsemi stærsta atvinnurekandans í viðkomandi byggðarlagi.

Í ljósi stöðu viðmælandans sem formanns Byggðaráðs og formanns Hafnarnefndar tel ég mikilvægt að ekki ríki vafi um hvort þau sjónarmið sem hann setti fram í áðurnefndu viðtali séu hans persónulega afstaða eða endurspegli afstöðu sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Ég óska því eftir skýru svari sveitarstjórnar Langanesbyggðar við því hvort þau sjónarmið sem formaður Byggðaráðs setti fram í umræddri fjölmiðlaumfjöllun um sértækan byggðakvóta á Bakkafirði og starfsemi Bjargsins ehf. endurspegli afstöðu sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Það er virkilega von mín að meirihluti sveitarstjórnar standi með Bakkafirði og þeirri starfsemi sem Bjargið ehf. og samstarfsaðilar hafa staðið að þar undanfarin 6 ár, sannarlega við erfiðar aðstæður en áfram er barist að því markmiði að efla byggðarlagið á sem fjölbreyttasta hátt, samfélaginu öllu til heilla.

Það yrði of langt mál að bregðast við hverjum einstökum lið úr tilvitnunum hér að framan en ég vek athygli á því að á 56. fundi Byggðaráðs þann 12.06.2026 var ákveðið að fela skrifstofustjóra að senda umsögnina í nafni Langanesbyggðar til Innviðaráðuneytisins og það var gert.

Mér finnst aðfinnsluvert að erindi Innviðaráðuneytisins og umsögn Hafnarnefndar skuli ekki hafa verið kynnt ítarlegar fyrir sveitarstjórn en raun ber vitni og ekki hafi verið óskað eftir umsögn frá Atvinnu-og menningarnefnd og Hverfisráði Bakkafjarðar auk þess sem það hefði verið í hæsta máta eðlilegt að leita eftir upplýsingum og áliti frá stærsta atvinnurekandanum á Bakkafirði sem er ásamt samstarfsaðilum með samning við Byggðastofnun um sértækan byggðakvóta.

Þá hygg ég að hefðu komið í ljós við umræðu hve margir eru með lögheimili á Bakkafirði og hve margir af þeim eru það vegna starfsemi Bjargsins ehf.

Til upplýsingar þá telst mér til að af þeim 79 einstaklingum sem eru með skráð lögheimili á Bakkafirði þá séu yfir 29 % tengdir starfsemi Bjargins ehf. og samstarfsaðilum.

Síðan Bjargið ehf. hóf starfsemi sína árið 2020 til og með árinu 2025 hafa verið greidd laun hjá félaginu upp á tæpar 400 milljónir króna, verktakagreiðslur tæpar 108 milljónir og til útgerðaraðila um 1,4 milljarður króna. Ótaldar eru þá útsvarsgreiðslur undirritaðs og starfsmanna Hróðgeirs hvíta ehf. og Brattaness ehf.

Það má velta því upp/ spyrja að því hve margir væru íbúarnir ef ekki væri til staðar styrkur í formi sértæks kvóta frá Byggðastofnun og hver væri fiskvinnslan og umsvifin í landi.

Aðstandendur Bjargsins ehf. Hróðgeirs hvíta ehf., og Brattaness ehf. telja sig deila þeim hagsmunum með Langanesbyggð að atvinnustarfsemi á Bakkafirði eflist, störfum fjölgi og byggð styrkist. Við teljum því mikilvægt að umræða um starfsemina og framtíð hennar sé málefnaleg og byggð á staðreyndum og fyrirliggjandi upplýsingum. Við myndum fagna því að eiga fundi með sveitarstjóra og sveitarstjórn ef eftir því yrði leitað.

Meðfylgjandi er greinargerð um starfsemi Bjargsins ehf 2019 -2026. Þar koma fyrst og fremst fram beinharðar staðreyndir fyrir hvert ár og ætlaðar til upplýsingar og fróðleiks.

Ég óska eftir staðfestingu á móttöku þessa bréfs. Jafnframt óska ég eftir að það verði sent öllum sveitastjórnarmeðlimum og einnig er óskað eftir því að sveitarstjórn Langanesbyggðar taki erindi þetta til formlegrar umfjöllunar.

Bakkafirði 5. október 2026

Með vinsemd og virðingu

Hilmar Þór Hilmarsson
Stjórnarformaður Bjargsins ehf.